

Miðvikudaginn 11. október 1989.

Nr. 155/1988. **Hulda Baldvinsdóttir**
og Björn Hermannsson

(Jón Kr. Sólves hrl.)

gegn

Sveinbirni Jónssyni
og Tryggingu hf.

(Stefán Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Áhættutaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1988. Dómkröfur þeirra eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða þeim óskipt 15.000.000,00 króna með 22% ársvöxtum frá 20. september 1985 til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., með 21.3% ársvöxtum frá þeim degi til 30. apríl s.á., með 22.2% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí s.á. og með 33.6% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist, að vextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. september 1986, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Loks er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

‘ Dómkröfur stefndu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða málskostnað.

Þeir, sem eru til frásagnar um atvik í máli þessu, gáfu skýrslu fyrir lögreglu og héraðsdómi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var blóðsýni tekið úr stefnda Sveinbirni kl. 4.14 um nóttina 20. september 1985,

tæpum þremur klukkustundum eftir slysið, og reyndist magn alkóhóls í því vera 1,13 ‰. Í vottorði læknis þess, er skoðaði Sveinbjörn um nóttina, er sagt, að af honum hafi verið áfengislykt. Stefndi Sveinbjörn og áfrýjandi Björn höfðu verið samvistum allt kvöldið. Fer því ekki hjá því, að Björn hafi tekið eftir því, að Sveinbjörn neytti áfengis og, þegar litið er til áfengismagns þess, er mældist í blóði Sveinbjarnar, orðið þess var, að hann var undir áfengisáhrifum við aksturinn.

Með þessum athugasemdum, en að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. maí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl sl., hafa Hulda Baldvinsdóttir, nnr. 4411-8378, og Björn Hermannsson, nnr. 1334-7182, bæði til heimilis að Aðalstræti 54 B, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 14. október 1987, á hendur Sveinbirni Jónssyni, nnr. 8709-7595, Grenivöllum 20, Akureyri, og Geir Zoëga framkvæmdastjóra, nnr. 2547-6476, Ægisíðu 66, Reykjavík, f.h. Tryggingar hf., Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða þeim 15.000.000,00 kr. ásamt 22% ársvöxtum frá 20. september 1985 til 1.3. 1986, með 12% ársvöxtum frá þ.d. til 1.4. 1986, með 9% ársvöxtum frá þ.d. til 20.1. 1987, með 10% ársvöxtum frá þ.d. til 20.2. 1987, með 11% ársvöxtum frá þ.d. til 14.4. 1987, með 21,3% ársvöxtum frá þ.d. til 30.4 1987, með 22,2% ársvöxtum frá þ.d. til 31.5. 1987 og með 33,6% ársvöxtum frá þ.d. til birtingardags stefnu, en með dráttarvöxtum samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. september 1986, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Þá er krafist málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast þess aðallega, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu úr þeirra hendi að mati dómara.

Til vara krefjast stefndu verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð að mati dómara og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að um kl. 1.38 20. september 1985 valt bifreiðin A 6656 af vegslóða frá Grímshúsum í Aðaldal, Suður-Þingeyjarsýslu, að veiðihúsi við Laxá. Þegar slysið varð, var náttmyrkur og úrkoma og vegslóðinn, sem er mjór og krókóttur, blautur og háll. Annar stefnandi máls þessa, Björn Hermannsson, var farþegi í bifreiðinni umrætt sinn og sat í framsæti hægra megin, en auk hans voru tveir aðrir farþegar í aftursæti bifreiðarinnar. Ökumaður var stefndi Sveinbjörn, sem jafnframt var skráður eigandi bifreiðarinnar, sem tryggð var hjá stefnda Tryggingu hf. Stefnandi Björn Hermannsson slasaðist mikið og hlaut algjöra varanlega örorku, sem lýsir sér umfram allt í því, að hann er alblindur og andleg fötlun er gífurleg. Hefur hann ásamt eiginkonu sinni, stefnanda Huldu, höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna slyss þessa.

Telja stefnendur meginorsök slyssins hafa verið, að stefndi Sveinbjörn hafi ekið í umrætt sinn ógætilega miðað við aðstæður og jafnframt undir áfengisáhrifum. Beri hann því ásamt váttryggingu bifreiðarinnar, þegar slysið varð, Tryggingu hf., óskipta fébótaábyrgð á afleiðingum slyssins, sbr. 69. og 70. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 2. mgr. 74. gr. sömu laga, sem og samkvæmt almennum reglum um skaðabótaábyrgð.

Af hálfu stefndu er því eigi mótmælt, að slysið verði rakið til ógætilegs aksturs stefnda Sveinbjarnar svo og ölvunarástands hans. Er sýknukrafan á því reist, að ekki hafi getað dulist stefnanda Birni, að stefndi Sveinbjörn var undir verulegum áhrifum áfengis, er lagt var af stað í umrædda ökuferð. Engum vafa sé undirorpið, að stefnandi Björn hafi tekið sér far með stefnda Sveinbirni umrætt sinn af fúsum og frjálsum vilja. Stefnandi Björn hafi því með hátterni sínu samþykkt þá miklu áhættu, sem í því var fólgin að þiggja far með stefnda Sveinbirni undir þessum kringumstæðum. Með því og í samræmi við reglur skaðabótaréttar og áralanga dómaframkvæmd hafi stefnandi Björn því fyrirgert rétti sínum til skaðabóta úr hendi stefnda Sveinbjarnar. Þar sem stefnandi Björn eigi ekki bótarétt á hendur stefnda Sveinbirni, eigi hann ekki heldur rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A 6656 og því engar bótakröfur á hendur stefndu Tryggingu hf. Þar sem stefnandi Björn eigi ekki rétt til skaðabóta úr hendi stefndu, sé ekki heldur um að ræða, að stefnandi Hulda Baldvinsdóttir eigi rétt til bóta. En hvað sem líði rétti stefnanda Björns til skaðabóta í máli þessu, eigi stefnandi Hulda ekki sjálfstæðan bótarétt úr hendi stefndu, og beri því undir öllum kringumstæðum að sýkna stefndu af kröfum hennar.

Varakröfu sína rökstyðja stefndu með því, að stefnandi Björn hafi með stórlega kærulausri hegðan sinni gerst að miklu leyti meðábyrgur fyrir því tjóni, sem hann hlaut í slysinu. Því geti hann ekki krafist skaðabóta úr hendi stefndu nema að litlum hluta. Jafnframt er varakrafan á því reist, að stefnukröfur séu allt of háar og óraunhæfar.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að stefnanda Birni hafi ekki verið kunnugt um ölvunarástand stefnda Sveinbjarnar og að ekkert sé fram komið, sem bendi til þess, að honum hafi verið eða mátt vera um það kunnugt.

Samkvæmt gögnum málsins voru þeir stefnandi Björn og stefndi Sveinbjörn ásamt þremur öðrum félögum sínum við veiðar í Laxá daginn fyrir slysið. Að veiðum loknum um kl. 20.30 komu þeir í veiðihúsið og útbjuggu sameiginlega máltíð, sem þeir neyttu þar. Þeir neyttu allir einhvers áfengis í veiðihúsinu á tímabilinu kl. 20.30 til 22.00 um kvöldið, og drakk hver um sig af sínu eigin víni. Stefndi Sveinbjörn kveðst fyrir matinn hafa drukkið vodka blandað í pilsner og síðan vodka blandað í kók. Þá kveðst hann hafa neytt rauðvíns með matnum og drukkið af vodkaflöskunni, eftir að borðhaldi lauk. Telur hann, að vodkaflaskan hafi a.m.k. verið komin niður fyrir axlir, er hann hætti að drekka úr henni. Um kl. 22.00 um kvöldið fóru stefnandi Björn og stefndi Sveinbjörn ásamt tveimur af hinum félögum í bifreið stefnda Sveinbjarnar að bænum Grímshúsum, og ók stefndi Sveinbjörn bifreiðinni. Höfðu þeir með sér flösku af áfengi og neyttu úr henni við eldhúsborð þar á bænum, þar sem þeir höfðust við þann tíma, sem staðið var við. Kveðst stefndi Sveinbjörn hafa drukkið þar einn bolla af kaffi með áfengi út í. Þaðan fóru þeir félagar milli kl. 1.00 og 1.30 um nóttina áleiðis að veiðihúsinu, en á þeirri leið varð slysið. Kl. 4.14 um nóttina var tekið blóðsýni úr stefnda Sveinbirni á sjúkrahúsinu á Húsavík, og reyndist magn alkóhóls í því vera 1.13‰. Við komuna á sjúkrahúsið er ástandi stefnda Sveinbjarnar þannig lýst í læknisvottorði: „Við skoðun var maðurinn við góða meðvitund, af honum var áfengislykt, en hann var stilltur og samvinnufús.“ Samkvæmt framangreindu hlýtur stefnandi Björn að hafa vitað um, að stefndi Sveinbjörn hafði neytt áfengis umrætt kvöld, og mátti því gera ráð fyrir, að hann væri undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar greint sinn. Þrátt fyrir þetta gerðist stefnandi Björn farþegi í bifreið stefnda Sveinbjarnar af frjálsum vilja. Það gerði hann á eigin áhættu og hefur með því fyrirgert rétti sínum til bóta úr hendi stefnda Sveinbjarnar, en af því leiðir, að sýkna ber báða stefndu af kröfum beggja stefnenda í máli þessu. Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. september 1987, var stefnendum veitt gjafsókn fyrir undirrétti í máli þessu, og ber því ríkissjóði að greiða stefnendum kostnað þeirra af málinu þar með 150.000,00 krónum til skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Kr. Sólness hæstaréttarlögmans. Við ákvörðun þóknunar hefur ekki verið tekið tillit til sölu-skatts.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sveinbjörn Jónsson og Trygging hf., eru sýkn af kröfum stefnenda, Huldu Baldvinsdóttur og Björns Hermannssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Kr. Sólness hæstaréttarlögmans, 150.000,00 krónur.
